



11. janúar 2012

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd, Eiríkur Áki Eggertsson, ritari
Sendandi: Skrifstofa bankastjóra, Jón Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri

Efni: Frumvarp um kvótahækkun, svör við spurningum nefndarmanna í Efnahags- og viðskiptanefnd ásamt fylgiskjölum

Hvernig hefur verið með þátttöku Íslands í kvótahækkunum undanfarinna áratuga?

Ísland hefur samþykkt allar reglulegar kvótahækkanir hjá AGS fram að þessu (sjá meðfylgjandi yfirlit í fylgiskjali 1).

Er kvótinn ekki margfeldi af stofnfjárframlagi og fáum við aukinn kvóta út á 28 milljarðana?

Lánsfjárfyrirgreiðsla sjóðsins miðast gjarnan við margfeldi af kvóta. Vaxtaálag fer stighækkandi miðað við margfeldi af kvóta (af útistandandi lánnum). Meginreglan er að lán AGS að fjárhæð 0-100% af kvóta beri vaxtaálag sem nemur 100 punktum til viðbótar við SDR vexti sjóðsins. Lán sem nemur 300% og umfram það af kvóta viðkomandi aðildarríkis ber 200 punkta álag. Ef tímalengd láns sem nemur 300% kvóta eða meira er lengri en 36 mánuðir, þá ber það 300 punkta álag. Mögulegt er að nýta 25% af heildarkvóta til þess að bregðast við greiðsluvanda hvenær sem er án þess að gangast undir sérstaka efnahagsáætlun hjá sjóðnum. Greiðsla fyrir kvóta í ISK telst hluti af heildarkvóta.

Hvar er málið statt á Bandaríkjaþingi?

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá skrifstofu Bandaríkjanna hjá sjóðnum er ekki búið að taka málið fyrir á Bandaríkjaþingi. Kvótahækkunin var samþykkt af fulltrúum Bandaríkjanna í framkvæmdastjórn og sjóðráði. Líklegt er að utanríkismálanefnd sé að ræða almennt um hvort Bandaríkin eigi að efla AGS svo hann geti tekið á hugsanlegum greiðsluvandamálum aðildarríkja sinna. Málefni AGS hafa oft verið til umræðu hjá þinginu þótt kvótahækkunin sjálf sé ekki komin á dagskrá.

Er stofnfé eingöngu notað í kvótalán?

Fjármögnun AGS er fyrst og fremst með stofnfé (kvóta) en einnig notar sjóðurinn tímabundin lán frá fjársterkum aðildarríkjum svo sem með NAB samkomulaginu (e. New Arrangement to Borrow) og GAB-samkomulaginu (e. General Agreement to Borrow). AGS getur einnig gert samkomulag við einstök ríki um viðbótarlán.

Ef tekin yrði upp annar gjaldmiðill, t.d. evra, yrðum við þá aðilar að FTP og gæti AGS þá dregið á 28 milljarðana? Hvergi er minnst á að það þurfi sérstakt samkomulag ef AGS ákveður að draga á?

Uptaka evru leiðir ekki sjálfkrafa til aðildar að FTP. Fjármunir aðildarríkja svo sem kvótaframlög eru aðeins nýttir ef þau eru aflögufær í skilningi sjóðsins (sjá meðfylgjandi yfirlit í fylgiskjali 2). Þátttaka í FTP verður ekki sjálfkrafa. Formlega séð þurfa einstök aðildarríki að veita samþykki fyrir þátttöku (sjá fylgiskjal 2).

Hvað er átt við með fjársterkustu ríki heims?

Fjársterk ríki eru ríki sem hafa yfir að ráða mynt sem er notuð í heimsviðskiptum og sem varasjóðseign. Einnig má telja í þessum hópi lönd sem eiga mikla gjaldeyrisvarasjóði eða eiga auðveldan aðgang að fjármagnsmörkuðum. Færa má rök fyrir því að kvótahækkunin sé í raun tilfærsla á eignum í gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands þar sem um er að ræða svipaða áhættu og er að finna í núverandi eignasafni gjaldeyrisforða. Aðildarríki AGS eru nú 187. Hin svokölluðu „þróðu“ lönd fara með meirihlutavald í helstu ákvörðunum, þar sem vægi þeirra grundvallast m.a. á efnahagslegum styrkleika. Markmið AGS er að stuðla að skynsamlegri efnahagsstjórn, koma á gagnsæjum leikreglum og festu í efnahagssamskiptum á milli þjóða og eflingu alþjóðaviðskipta. Það væri mikil ákvörðun hjá alþjóðasamfélaginu að styðja ekki AGS ef til vandræða kæmi. Það væri í raun ákvörðun um allt aðra heimsskipan en nú er í efnahagsmálum, viðskiptum og samskiptum þjóða.

Ef lán til AGS lenda í vanskilum og tapast þá þurrkast stofnfé út – raunveruleg áhætta –

Ekkert er í heiminum öruggt og við lifum á óvenjulegum tímum. Hins vegar standa nánast öll ríki veraldar á bak við AGS og greiðsluþrot verður vart nema að hluti þeirra dragi sig út úr samstarfinu eða með öðrum hætti eru teknar pólitískar ákvarðanir um að láta af stuðningi við hann. Slíkt myndi líklega hafa nokkurn fyrirvara. Sjóðurinn hefur yfir að ráða miklum varasjóði og gullforða. Vanskil við sjóðinn eru hverfandi þrátt fyrir að miklum fjármunum hafi verið varið til útlána svo sem í Asíukreppunni. Það ber einnig að minna á að AGS lánar fé einungis út með ákveðnum skilyrðum er miða að því að tryggja

endurheimtur lánsfjár sjóðsins og samkvæmt hefð hefur sjóðurinn notið forgangs fram yfir aðra kröfuhafa (hins vegar eru nýleg dæmi um endurröðun á kröfuröð og dæmi eru um að aðrir aðilar njóti forgangs með sjóðnum). Eins og að ofan er getið býr AGS yfir öflugum varaforða og gætir hann mjög að lausafjárstöðu sinni. Nánari upplýsingar um áhættustefnu AGS er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Af hverju segir í frumvarpinu að 28 milljarðarnir verið í formi skuldaviðurkenningar sem SÍ varðveiti? Áhrif á eigin fé bankans?

Fjárhæð efnahagsreiknings Seðlabanka Íslands nemur tæplega 1.584 ma. kr. Þar af er eigið fé bankans um 69 ma. kr. Krónuframlagið til AGS kemur ekki fram í reikningum bankans þar sem það er nettað á móti kvótaeigninni. Þetta fyrirkomulag tíðkast hjá Seðlabönkum Norðurlandanna og víðar og gefur til kynna að þessi innstæða standi á móti kvótaframlaginu.

Hve mörg ríki hafa þegar samþykkt kvótahækkunina?

Hinn 10. janúar, 2012 höfðu 74 aðildarríki AGS samþykkt kvótahækkunina. Danmörk og Svíþjóð hafa formlega tilkynnt um sitt samþykki. Finnland og Noregur hafa lokið þinglegri meðferð og eiga eftir að kynna sína niðurstöðu með formlegum hætti. Til upplýsingar skal þess getið að einungis tvö lönd samþykktu ekki síðustu kvótahækkun AGS (ellefta kvótahækkunin), en það voru Súdan og Sómalía. Það flækir reyndar málið að vanefndir við AGS hamlaði þátttöku þeirra.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir þróun kvóta Íslands
2. How are Members Selected to Finance IMF Transactions?

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir þróun kvóta Íslands

Yfirlit yfir þróun kvóta Íslands

Endurskoðun á kvóta	Ályktun	Hækkun kvóta í prósentum	Hluttur Íslands mældur í SDR	Íslensk stjórnvöld samþykkja kvótahækkun Samþykkt
Fyrsta endurskoðun	Óbreyttur kvóti	---	1 (US)	
Önnur endurskoðun	Óbreyttur kvóti	---		
Febrúar og apríl	1959	60,7	11,25	Já
	Óbreyttur kvóti	---	---	---
Fjórða endurskoðun	1965, mars	30,7	15	Já
Fimmta endurskoðun	1970, febrúar	35,4	23	Já
Sjötta endurskoðun	1976, mars	33,6	29	Já
Sjöunda endurskoðun	1978, mars	50,9	43,5	Já
Áttunda endurskoðun	1983, mars	47,5	59,6	Já
Níunda endurskoðun	1990, júní	50	85,3	Já
Tíunda endurskoðun	Óbreyttur kvóti	---	---	---
Ellefta endurskoðun	1998, janúar	45	117,5	Já
Tólfta endurskoðun	Óbreyttur kvóti	---	---	
Þrettánda endurskoðun	Óbreyttur kvóti	---	---	
Fjórátunda endurskoðun	2010, desember	100	321,8	

Fylgiskjal 2. **How are Members Selected to Finance IMF Transactions?**

The selection of members to finance IMF transactions is based on principles set out in the IMF Articles of Agreement. Members are selected based on a periodic assessment by the Executive Board of their balance of payments and reserve position. Specific indicators of external strength are used to maintain a reasonable degree of consistency among members, but the assessment of a member's balance of payments and reserve position is ultimately a matter of judgment. The IMF does not therefore rely on automatic indicators or define rigidly the notion of a sufficiently strong external position; the circumstances of members, including their need to hold international reserve assets, differ considerably.

All relevant factors and data are considered in the assessment of a member's balance of payments and reserve position, including developments in exchange and financial markets and the adequacy of the member's international reserve assets. Particular emphasis is placed on recent and prospective current account balances, external competitiveness, and external debt indicators, especially those offering insights into the member's exposure to short-term liquidity strains. Thus, members may be selected to participate in the financing of IMF transactions even though there may be some elements of weakness in their overall balance of payments and reserve position.

Two broader considerations underlying the financial structure of the IMF have guided the Executive Board in coming to conclusions about a member's external strength for the purpose of participation in IMF financing.

- The IMF draws on a wide range of members—large and small, advanced, developing, and transition—for its financial activities, reflecting first and foremost the cooperative nature of the institution. Broad participation of members in the financing of IMF transactions also serves to maximize the liquidity of the IMF's quota resources.
- The participation of a member in the extension of IMF credit generally entails a change in the composition of its creditor member's international reserve assets. IMF transactions normally involve a reduction in the foreign exchange holdings of a creditor member, which is fully offset by an increase in its creditor position in the IMF. This position forms part of the member's international reserve assets because it represents a liquid claim on the IMF, earning a market-related return, which can be drawn on demand in the event of balance of payments need.